

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1919.

*Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka í sínar hendur alla sölu á hrossum til útlanda svo og útflutning þeirra, undirskrifuð af konungi 30. apríl 1919.*

*Opið brjef, er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 1. júlí 1919, undirskrifuð af konungi 9. maí 1919.*

*Konungsbrjef um setning Alþingis, undirskrifuð af konungi 28. maí 1919.*

*Konungsúrskurður um uppburð laga og mikilvægra stjórnarráðstafana fyrir konungi, undirskrifuður af konungi s. d.*

*Tilskipun um tilhögun og starfsemi hinna dansk-íslensku ráðgjafarnefndar, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Auglýsing um Stofnskrá fyrir Sáttmálasjóð Háskóla Íslands, undirskrifuð af ráðherranum fyrir dóms- og kirkjumáladeildina 29. júní 1919.*

*Lög um breyting á 1. gr. tolllaga fyrir Ísland, nr. 54, 11. júlí 1911, undirskrifuð af konungi 12. ágúst 1919.*

*Lög um aðflutningsgjald af salti, undirskrifuð af konungi s. d.*

*Lög um viðauka við og breytingu á lögum 4. nóv. 1881 um útflutningsgjald af fiski, ljósi o. fl., undirskrifuð af konungi 14. ágúst 1919.*

*Lög um mat á saltkjöti til útflutnings, undirskrifuð af konungi 10. sept. 1919.*

### **Brjef stjórnarráðsins til sýslumanna og bæjarfógeta um brunamál.**

130

Af brunaprófum þeim, sem haldin hafa verið út af brunum þeim, er hafa átt sjer stað síðan Brunabótafjelag Íslands tók til starfa, hefir það komið í ljós, að brunar þessir hafa oftast orsakast af því, að reykháfar og pípur hafa ekki verlið hreinsaðar nægilega oft og því kviknað í sóti, eða af því, að óvarlega hefir verið farið með primusvjarlar.

Í tilefni af þessu finnur stjórnarráðið ástæðu til að leggja fyrir yður, herra sýslumaður og bæjarfógeti, að brýna alvarlega fyrir hreppsnefndum í umdæmi yðar og bæjarstjórninni, að gæta þess stranglega, að fyrirmælum laga, um brunamál, frá 22. nóvember 1907 sje hlýtt. Sjerstaklega eruð þjer beðinn að brýna fyrir hreppsnefndum og bæjarstjórninni að hafa fullnægjandi eftirlit með því, að öllum eldstæðum, ofnum, reykháfum og reykþípum sje haldið í tilhlýðilegu standi, svo sem lögin skipa fyrir. Ennfremur eruð þjer beðinn að fela hreppsnefndunum og bæjarstjórninni að hvetja menn til að fara gætilega með primusvjarlar og aðrar steinollúvjarlar.

Þess skal að lokum getið, að þótt framangreind lög um brunamál nái elgi til þeirra staða og húseigna, sem falla inn undir lög nr. 71, 14. nóv. 1917, um váttrygging sveitabæja, hljóta þó hinar sömu almennu varúðarreglur að gilda um þær.